

Föstudaginn 27. marz 1942.

Nr. 12/1941. **Magnús Þorsteinsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Þorvaldi Sigurðssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skaðabóta krafizt vegna riftunar á samningi um fasteignar-
kaup.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðar-
son.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. jan. 1941, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu fyrir hæstarétti, virðast málavextir vera þessir: Í apríl 1940 hófust samningagerðir með aðiljum um það, að stefndi keypti af áfrýjanda eign hans Sogamýrarblett 30 hér í bæ, sem talin var, að frádreginni

veðskuld, er á henni hvíldi	kr.	5190.00
með lausafé ýmiskonar	—	7186.75
Auk þess var gert ráð fyrir því að áfrýjandi		
veitti stefnda peningalán	—	12123.25
Samtals	kr.	24500.00

Stefndi skyldi gefa út 2 skuldabréf til áfrýj-
anda, tryggð með 2 veðrétti í eign stefnda

Barónsstig 12 hér í bæ, samtals	kr.	22500.00
og gefa út áfrýjanda til handa 2 víxla, samtals	—	2000.00

Alls kr. 24500.00

Kr. 12123.25 skyldi verja til greiðslu 2., 3. og 4. veðréttar skulda á Barónsstig 12, en afgangur skuldabréfajárhæðar og víxla átti að vera greiðsla á andvirði Sogamýrarblettis

30 og lausafjárins. Stefndi telur þannig löguð kaup milli aðilja hafa verið fastmælum bundin. Því til sönnunar telur hann það, að áfrýjandi hafi sagt leigutaka Sogamýrarblettis 30 upp leigunni um þessar mundir, af því að eign þá skyldi selja, og að leigutaki hafi þá falað eignina til leigu af stefnda framvegis eftir að samningaumleitanir aðilja hófust. Og er hvorugu þessu mótmælt. Enn segir stefndi, að aðiljar hafi komið saman á skrifstofu hæstaréttarmálflutningsmanns eins til þess að fela honum að ganga skriflega frá samningum þeirra. Sameigandi áfrýjanda kom þangað með málflutningsmanni áfrýjanda, og telur stefndi, að svo hafi til talast, að málflutningsmaður þessi skyldi gera skriflega samningana og leysa af eigninni Barónsstíg 30 2., 3. og 4. veðréttarskuldir. Áfrýjandi telur, að um kaupin og skipti þessi hafi engir fullnaðarsamningar verið gerðir, áður en þeir hittust á skrifstofu hæstaréttarmálflutningsmannsins, heldur hefði áfrýjandi ætlað að athuga skipti öll og Barónsstíg 12 með málflutningsmanni sínum og þá ákveða og segja til, hvort skiptin skyldu gerð. Að þeirri athugun lokinni tilkynnti málflutningsmaður áfrýjanda stefnda, að ekkert yrði úr skiptum þeirra. Telur stefndi áfrýjanda þar með hafa rofið samninga og vera skaðabótaskyldan samkvæmt ástæðum þeim, er í héraðsdómi greinir og eigi hafa verið vefengdar, ef áfrýjandi teldist á annað borð hafa bakað sér skaðabótaskyldu vegna framkomu sinnar í skiptum aðilja. Málflutningsmönnum aðilja, sem við voru staddir á fundinum á skrifstofu hæstaréttarmálflutningsmannsins, ber ekki saman um það, hvað fram hafi þá farið. Verður stefndi eigi talinn hafa leitt nægilegar sönnur að því, að fullnaðarsamningar hafi verið komnir á um áður nefnd skipti aðilja, áður en áfrýjandi lét tilkynna stefnda, að ekkert gæti orðið af þeim. Ber því að sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu stefnda.

Með því að áfrýjandi sótti eigi sáttafund, enda þótt hann væri löglega kvaddur og til engra forfalla skirskotað, verður samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936 að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Áfrýjandi hefur með vanrækslu sinni um þingsókn í hér-

aði valdið því, að mál þetta var þar eigi skýrt svo sem átt hefði að vera. Þykir því rétt að dæma hann til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Þá ber samkvæmt framannefndri lagagrein að dæma áfrýjanda til að greiða sekt í rikissjóð, er ákveðst samkvæmt 1. tölulið 188. gr. áður nefndra laga 50 kr., og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Þorsteinsson, á að vera sýkn af skaðabótakröfu stefnda, Þorvalds Sigurðssonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi greiði 50 króna sekt í rikissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. nóv. 1940.

Mál þetta, sem upphaflega var dómtekið 12. september s. l., er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 2. júlí s. l. af Þorvaldi Sigurðssyni, bókbindara, hér í bænum, gegn Magnúsi Þorsteinssyni, framkvæmdarstjóra, Lindargötu 4 hér í bænum, til greiðslu kr. 2400.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. júní s. l. (sáttakærudegi) til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í aprílmánuði síðastliðnum hafi hann og stefndur gert með sér samning um það, að stefndur seldi honum húseignina Þvottalaugablett 30 og ýmsa lausafjarmuni. Í sambandi við þessa sölu skyldi stefndur veita stefnanda lán að upphæð kr. 12123.25. Stefndur hafi síðan löglaust rift viðskiptum þessum. Telur stefnandi, að þó að hann hefði fengið lán annars staðar, hefði hann ekki getað fengið reiðufé gegn útgáfu skulda-bréfs eða vixils, eins og hefði átt að eiga sér stað í viðskiptum

hans og stefnda, heldur verðbréf, er eigi hefðu selzt fyrir meira en 80%. Stefndandi kveður því tjón sitt nema þegar 20% af lánsupphæðinni, kr. 12123.25, eða kr. 2424.60, þó að hann hafi ekki stefnt út af hærri upphæð en að framan greinir.

Stefndur mætti hvorki né lét mæta í málinu við þingfestingu og dómtöku þess 12. sept. s. l., og var honum þó löglega stefnt. Þann 23. s. m. fór stefndur fram á, að málið yrði endurupptekið, en þá var synjað með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 21. f. m. Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og málsútlitun stefnanda, og þar sem hvoru tveggja er í samræmi við dómkröfur hans, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextirnir ákveðast 5% p. a.

Málskostnaður ákveðst kr. 337.55.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Þorsteinsson, greiði stefnandanum, Þorvaldi Sigurðssyni, kr. 2400.00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní 1940 til greiðsludags og kr. 337.55 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1942.

Nr. 3/1940. Carl Chr. Aug. Jensen (Magnús Thorlacius)
gegn

Sigurði Berndsen (Enginn).

Maður krafinn ólöglegs ágóða af samningi, er farið hafi í bága við lög um bann við okri o. fl. nr. 73. frá 1933.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. jan. 1940, hefur krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1933 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi kom fyrir hæstarétt er málið var þingfest, en síðar, er það var fyrir tekið, kom enginn af hans hendi.